

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Grindavík



Dags eftirlits	31.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	331175,074 375060,032

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu er varða að ekki hefur verið unnið eftir áætlun um rekstrarstöðvun og að skráningar í rekstrarhandbók voru ekki til staðar í eftirlitinu. Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöð Skeljungs, Grindavík hefur verið rifin og lóð afhend sveitarfélaginu til umráða. Tilkynning um niðurrif hafði ekki borist eftirlitsaðila fyrr en við boðun eftirlits en stöðinni var lokað í apríl sl.

Boðað umfang eftirlitsins var m.a. eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í síðasta eftirliti en tvær ábendingar voru settar fram varðandi rekstrarhandbók og þjálfun bílstjóra.

Búið er að fjarlægja alla geyma, lagnir og mannvirki af lóð stöðvarinnar. Einnig hafa sandpúðar undir geymum verið fjarlægðir. Lóðin hefur verið afmörkuð með jarðvegsmönnum og lokuðu hliði. Er lóðin nú nýtt sem geymslusvæði og á henni standa gámar og ökutæki í eigu sveitarfélagsins.

Rekstraraðili sendi inn áætlun vegna rekstrarstöðvunar með umsókn sinni um starfsleyfi árið 2017. Í þeirri áætlun kemur fram að rekstraraðili muni í samráði við viðkomandi yfirvöld taka ákvörðun um hvað gera skuli við birgðatanka, lagnir, byggingar og önnur mannvirki birgðastöðvarinnar. Hefur það ekki verið gert og skráist það því sem frávik frá ákvæðum starfsleyfis. Einnig skal skila inn sýnatökuáætlun fyrir jarðveg með tilliti til jarðvegsmengunar. Sú áætlun hefur ekki borist eftirlitsaðila.

Rekstraraðili hefur fengið leiðbeiningar um þau gögn sem skila þarf vegna niðurrifsins, með tölvupósti þann 14. júní sl. og óskað er eftir þessum upplýsingum sem allra fyrst.

Rekstrarhandbók var ekki til staðar í eftirlitinu en skráningar frá því að síðasta eftirlit fór fram hefðu átt að vera aðgengilegar í eftirlitinu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.5 í starfsleyfi, 15. gr. rg. 550/2018 og 16. gr. 7/1998 Ekki hefur verið unnið eftir áætlun um rekstrarstöðvun. Við endanlega stöðvun starfseminnar skal rekstraraðili meta stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar vegna hættulegra efna sem stöðin notar, framleiðir eða losar.

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Skráningar í rekstrarhandbók skulu vera aðgengilegar

eftirlitsaðila í eftirliti. Engin rekstrarhandbók var til staðar í eftirlitinu.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Minnt er á að stöðin helst innan eftirlitsáætlanar Umhverfisstofnunar þar til frágangi lóðarinnar er lokið að fullu og eftirlitstíðnin metin skv. áhættumati sbr. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.07.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir

